

Nr. 028 / 10 Árni Friðriksson RE 200***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2350 IMO nr. 9192404
Smíðaður: Chile 2000, stál
Stærð: 980 brl. 2233 bt.
Mesta lengd: 69,9 m Skráð lengd: 62 m
Breidd: 14 m Dýpt: 10,3 m
Vél: Caterpillar 4408 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 24

Gögn:

Gögn RNS



Árni Friðriksson ©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 14. apríl 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 5. mars 2010 var rannsóknarskipið Árni Friðriksson RE 200 við togveiðar SV af Reykjanesi. Veður: SV 20 m/s og mikill sjór og suðurfall

Við veiðarnar fékk skipið hnút á stjórnborðs kinnung með þeim afleiðingum að skipverji sem var við vinnu í matvælakæli féll og slasaðist á hægri fæti. Ákveðið var að sigla með hann til Reykjavíkur og eftir læknisskoðun kom í ljós að sköflungur hægri fótur hafði gengið í sundur.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var nýkominn inn í kælinn og hélt sér með annarri hendi í hillustoð við annan vegginn. Þegar hnykkurinn kom á skipið missti hann fótanna og handfestuna og kastaðist afturábak yfir rýmið. Lenti bakið á hillum á gagnstæðum vegg áður en hann féll í gólfíð, Hægri fótur varð undir líkamanum í fallinu;
- að hurð inn í frystirýmið opnaðist og streymdi frostloftið inn í kælinn þar sem slasaði lá á gólfinu. Hann náði handfestu á hurðinni og lokað henni;
- að kæliýmið er um eins metra breitt á milli hillustoða. Enginn neyðarhnappur er í hvorugu rýminu;
- að eftir köll og barsmíðar á hurð kælisins, með hilluskálku, heyrðu skipverjar í matsal skipsins til slasaða og björguðu honum út.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.